

Alþingi
Erindi nr. P 138/2024
komudagur 7.5. 2010



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingarmálanefnd
b/t. Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarrítara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um greiðsluaðlögu einstaklinga (560. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarlöggjöf um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Viðskiptaráð Íslands sendi inn umsögn við forvera þessa frumvarps og gerði við það nokkrar athugasemdir þó ráðið hafi tekið undir mikilvægi þeirrar viðleitni, sem í því fólst, til að koma til móts við skuldara með sem virkustum hætti. Rétt er að ítreka þá afstöðu ráðsins til markmiða þessa frumvarps.

Þeir þættir sem ráðið taldi athugasemdaverðir við fyrra frumvarpið voru einkum af tvennum toga. Var það annars vegar áhersla þess á þvingaða greiðsluaðlögun, þrátt fyrir að slík aðlögun samrýmis illa meginreglum íslensks kröfuréttar og samningaréttar og meðalhófsreglunni. Hins vegar taldi ráðið hagsmuni kröfuhafa lítt varða í ferlinu og vísaði þar til að þeir hefðu enga aðkomu að ákvörðunum umsjónarmanns um þvingaða greiðsluaðlögun, þeim var óheimilt að óska endurmats á veittri greiðsluaðlögun og skuldari þurfti ekki að hafa reynt til þrautar að ná samningum við kröfuhafa áður en aðlögunar var óskað.

Ekki verður betur séð að en frumvarp það sem hér er til umsagnar sé bæði ítarlegra og skýrara en það sem nefnt var að ofan. Þá er frjálss greiðsluaðlögun meginregla samkvæmt frumvarpinu, þó þvinguð sé enn fær, og mun meira meðalhófs gætt í allri meðferð aðlögunarinnar. Þá er auk þessa gerður skýr greinarmunur á áhrifum greiðsluaðlögunar á veðkröfur annars vegar samningskröfur hins vegar. Viðskiptaráð gerir eingöngu eina athugasemd við frumvarpið og lýtur hún að orðalagi 1. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er greiðsluaðlögun skilyrt við að einstaklingur sýni fram á að *“hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárhagsskuldbindingar sínar.”* Það er orðalagið *“eða verði”* sem ráðið telur óljóst enda er með því verið að opna fyrir að fyrirsjáanleg ófærni verði grundvöllur greiðsluaðlögunar. Ef lítið er til þess ákvæðis sem 1. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins byggir á, þ.e. 2. gr. laga nr. 24/2009, þá var það orðað þannig að einstaklingur þyrfti að vera og verða um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa skil á skuldbindingum sínum.

Ef nefndin telur æskilegt að opnað sé fyrir að fyrirsjáanleg ófærni verði grundvöllur greiðsluaðlögunar þá þurfa málsmeðferðarreglur frumvarpsins að gera mun ríkari kröfur til slíkra mála heldur en þeirra þegar ófærnin er raunverulega, að mati umsjónarmanns, til staðar á þeim tíma sem sótt er um greiðsluaðlögun.

Viðskiptaráð leggur til að 1. másl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði orðuð þannig: “Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárhagsskuldbindingar sínar getur leitað greiðsluaðlögunar í samræmi við lög þessi.”

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur nefndina til að taka ofangreinda athugasemd til skoðunar.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs